

Ársskýrsla Siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala 2018

Siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr 44/2014 og reglugerð sama efnis nr 1186/2014. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og í samvinnu við tengdar menntastofnanir. Óheimilt er að framkvæma rannsókn á heilbrigðissviði nema hafa áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2018. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	63
Viðbætur/breytingar	19
Fyrirspurnir	98
Samtals	180

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2014	2015	2016	2017	2018
53	49	56	58	63

Nýjar umsóknir voru 63 á árinu. Af nýjum umsóknum voru grunnnámsverkefni 20 og 24 meistara og doktorsverkefni. Heildarfjöldi umsókna var ívið meiri en síðustu ár.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	4
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	50
Óskað frekari upplýsinga	2
Bíða umfjöllunar	3
Annað	4

Bryndís Valsdóttir lét af nefndarstörfum í ágúst 2018 og við tók Svava Sigurðardóttir sjúkraþjálfari og doktorsnemi í hagnýtri siðfræði.
Nefndarmenn í árslok eru:

Ólafur Samúelsson sérfræðilæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sverrir Harðarson læknir, tilnefndur af lækna ráði
-Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af
framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Þóra Steingrímsdóttir prófessor og yfirlæknir, tilnefnd af Háskóla Íslands

Svava Sigurðardóttir sjúkraþjálfari, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Reykjavík, 31.janúar 2019

Ólafur Samúelsson, formaður

Tinna Eysteinsdóttir

Tinna Eysteinsdóttir, forstöðumaður